



Leiðbeiningar um lækniheimsóknir eða heilsutengda sérfræðiþjónustu sem starfsmenn þurfa að sækja utan Ísafjarðarbæjar

Tilfni:

Nokkur aðstöðumunur er til staðar hvað möguleika íbúa og þar með starfsmanna Ísafjarðarbæjar til að sækja sérfræðiþjónustu lækna. Flugsamgöngur hafa breyst til muna og tíðni ferða hefur farið minnkandi sl. ár. Það hefur gert það að verkum að umtalsvert meiri tími fer í ferðalög starfsmanna til að sækja þjónustuna. Eftirfarandi leiðbeiningar verið útbúnar með það fyrir augum að koma að hluta til móts við þennan aðstöðumun.

Framkvæmd:

Þurfi starfsmaður að sækja lækniþjónustu eða heilsutengda sérfræðiþjónustu utan Ísafjarðarbæjar skal sá dagur sem viðkomandi á að mæta til lækni/sérfræðings skráður sem veikindadagur. Viðkomandi starfsmaður skilar inn vottorði, til staðfestingar á lækniheimsókninni.

Til að koma til móts við aukinn ferðatíma vegna þessa, er veittur einn dagur í launað leyfi (eða tvisvar sinnum hálfur dagur) sem ætlaður er til að ferðast til og frá þeim stað sem þjónustan er veitt. Skráist dagurinn sem „Launað leyfi“ í Vinnustund.

Ath: Lýtalækningar falla ekki hér undir.

Janúar 2021

Bæjarstjóri, sviðsstjórar og mannauðsstjóri